

# Áhrif Paganinis á þróun fiðlutónlistar

19. aldar

Þuríður Helga Ingvarsdóttir



Listaháskóli Íslands

Tónlistardeild

Hljóðfæraleikur

# Áhrif Paganinis á þróun fiðlutónlistar 19. aldar

Þuríður Helga Ingvarsdóttir

Leiðbeinandi: Gunnsteinn Ólafsson

Vorönn 2013

## Útdráttur

Nicoló Paganini var fiðluleikari sem hafði mikil áhrif á þróun tónlistarsögunnar. Í þessari ritgerð verða aðallega skoðuð áhrif Paganinis á þróun fiðlutónlistar á 19. öld. Paganini var mjög vinsæll fiðluleikari og sló í gegn meðal almennings fyrir tilstilli gríðalegra tæknilegra hæfileika. Hljóðfæraleikur hans hljómaði nýr í eyrum áheyrenda á 19. öld. Fiðluleikarinn tileinkaði sér nýuppgötvaða tækni 19. aldarinnar og beitti hæfileikum sínum við að þróa þá tækni til fullkomnunar. Hann var aðallega þekktur fyrir mjög hröð staccato, ricochet-bogastrok og fjölbreytta notkun á flaututónum, tvígripum og vinstrihandar pizzicatoí. Tónverk Paganinis eru mikilvæg heimild um fiðluleikarann en þar má sjá allt sem einkenndi tækni hans og spilastíl. Kaprísurnar 24 urðu sérstaklega vinsælar, bæði meðal fiðluleikara og annarra tónskálda. Vinsældir kaprísanna gerðu Paganini að aðal áhrifavaldi tónskálda 19. aldarinnar. Virtúósísk áhrif Paganinis bárust víða með kaprísunum og lagði það grundvöllinn að áframhaldandi útvíkkun tækninnar. Með tónverkum sínum og vinsældum kom Paganini því af stað þróun á virtúósískri tónlist, bæði í heimi fiðlunnar og í tónlistarheiminum almennt.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
Fiðluleikarinn Paganini .....	5
Ferill .....	5
Fyrstu fiðluár .....	5
Upphaf sögusagna .....	5
Heilsufar – Marfans-heilkenni .....	6
Tækni .....	7
Bogahöndin .....	8
Fiðluhöndin .....	9
Spilastíll .....	10
Aðdáun í Evrópu .....	10
Tónsmiðurinn Paganini .....	11
24 kaprísur .....	12
Áhrif Paganinis sem kennara .....	13
Konsertar .....	14
Paganini og óperustíllinn .....	14
Tilbrigði .....	15
Brautryðjandinn Paganini .....	15
Tónlist fyrir tíma Paganinis .....	15
Tónlist eftir tíma Paganinis .....	16
Áhrif á Liszt .....	16
Lokaorð .....	18
Heimildaskrá .....	19
Bóklegar heimildir .....	19
Rafrænar heimildir .....	19
Myndir .....	20

## Inngangur

Þegar talað er um fiðlutónlist ber nafn Nicoló Paganinis oft á góma. Í öllum þeim greinum, bókum eða textabrotum sem fjalla um þróun fiðlutónlistar er Paganini ávallt á meðal helstu áhrifavalda. Greinilegt er að með tilkomu hans verða straumhvörf í tónlistarsögunni.

Nafn Paganinis hefur reglulega komið upp í mínu fiðlunámi. Margoft höfum við fiðlunemendurnir reynt að berjast í gegnum kaprísur hans og sumir jafnvel við konsertana. Það sem situr aðallega eftir af þeirri vinnu er vitundin um hversu einstaklega tæknilega erfið verkin eru. Við það að berjast í gegnum verkin finnur maður greinilega fyrir hæfileikum Paganinis sem fiðluleikara því fyrst maðurinn gat samið svona verk þá hlýtur hann að hafa getað spilað þau sjálfur. Ég man eftir að hafa spurt sjálfa mig við æfingar á einhverri kaprísunni hvaðan öll þessi tækniatriði komi. Eru þetta allt tæknibrellur upprunnar hjá tónskáldinu eða fékk það þær einhversstaðar að? Þegar tónverkin eru skoðuð kemur fljótlega í ljós að Paganini byggir þau flest eingöngu á fjölbreyttri og erfiðri tækni. Því er greinilegt að fiðlutækni skipaði stóran sess í lífi og ferli Paganinis. Við að leggja saman tvo og tvo er auðvelt að komast að þeirri niðurstöðu að þau áhrif Paganinis á þróun fiðlutónlistar sem leynd sé ekki í rituðum heimildum tengist þeirri miklu tækni sem kemur fram í verkum hans.

Í þessari ritgerð mun ég aðallega leitast við að svara þeirri spurningu hvaða áhrif Paganini hafði á þróun fiðlutónlistar 19. aldar. Ég mun fjalla um feril Paganinis sem fiðluleikara þar sem ég beini sjónum aðallega að menntun hans og þeim atvikum í lífi tónlistarmannsins sem mótuðu tónlistarferil hans. Því næst kem ég inn á magnaða fiðlutæknina og þá þróun sem Paganini stuðlaði að. Einnig skoða ég Paganini sem tónskáld og fjalla um einkenni tónverka hans og mikilvægi þeirra, þá sérstaklega kaprísanna. Ég mun koma inn á ítalska óperustílinn í verkum og leik Paganinis en óperan var í mikilli sókn á Ítalíu á fyrri hluta 19. aldar. Síðast en ekki síst skoða ég tónlistarlegt umhverfi fyrir og á tímum Paganinis og þau áhrif sem hann hafði á samtíma- og seinni tíma tónskáld.

# Fiðluleikarinn Paganini

## Ferill

### *Fyrstu fiðluár*

Nicoló Paganini fæddist í bænum Genova á Ítalíu árið 1782. Báðir foreldrar hans eru taldir hafa haft sérstakan áhuga á tónlist en það var faðir hans sem ákvað að láta son sinn læra á fiðlu. Faðir Paganinis byrjaði að taka hann í nokkra fiðlutíma og ekki leið langur tími þangað til hann áttaði sig á því að hann var með undrabarn í höndunum.<sup>1</sup> Við þá uppgötvun voru tókin á tónlistaruppeldinu hert til muna og segja heimildir að Paganini hafi verið látinn æfa sig í allt að 12-15 klukkustundir á dag.<sup>2</sup>

Paganini var sendur í tíma til fiðlukennara á borð við Antonio Cervetto, Giacomo Costa og Alessandro Rolla.<sup>3</sup> Hann hafði þó ekki lengi gagn af þeim því aðeins 11 ára gamall var hann kominn fram úr þeim öllum í færni á fiðluna. Það má því segja að Paganini hafi að mestu leyti verið sjálflærður fiðluleikari. Þegar Paganini losnaði undan kennurum sínum og hóf að vinna sjálfstætt fór hann fyrst af alvöru að betrubæta tæknikunnáttu sína og rannsaka alla hugsanlega möguleika fiðlunnar.<sup>4</sup>

### *Upphaf sögusagna*

Þegar Paganini var aðeins 12 ára hóf hann að koma fram á tónleikum víðsvegar um Ítalíu og seinna víðar í Evrópu. Þó hann hafi verið ungur að árum var strax tekið eftir einstökum tæknihæfileikum hans. Undrabarnið knáa ferðaðist víðsvegar næstu árin og vakti athygli og hrifningu hvert sem það fór.<sup>5</sup>

Árið 1801 settist Paganini að í bænum Lucca en það átti eftir að vera heimabær hans næstu 10 árin.<sup>6</sup> Ferillinn í Lucca byrjaði vel en fljótlega festist Paganini í slæmum félagsskap. Hann fór smám saman að eyða öllum sínum tíma í fjárhættuspil

---

<sup>1</sup> Henry Roth, *Violin Virtuosos: From Paganini to the 21st Century*, California Classics Books, Los Angeles, 1997, bls. 11.

<sup>2</sup> Henry Joachim, „Three Milestones in the History of Violin Playing“, í *The Musical Times*, vol. 73, no. 1078, 1. desember 1932, bls. 1080, sótt 22. september 2012, <http://www.jstor.org/stable/919427>, JSTOR.

<sup>3</sup> Robin Stowell, *The Cambridge Companion to the Violin*, 11. útgáfa, Cambridge University Press, Cambridge, 2006, bls. 65.

<sup>4</sup> Henry Joachim, „Three Milestones in the History of Violin Playing“, bls. 1080.

<sup>5</sup> Edward Neill, „Paganini, Nicoló“, í *Grove Music Online*, Oxford Music Online, 2007-2012, sótt 26. september 2012,

<http://www.oxfordmusiconline.com/subscriber/article/grove/music/40008>.

<sup>6</sup> Edward Neill, „Paganini, Nicoló“.

og léttlyndar konur og var fiðlan því sett á hilluna. Við þetta hvarf Paganini snarlega af sjónarsviðinu og fór huldu höfði næstu fjögur árin. Ekki hafa fundist neinar staðfestar heimildir fyrir því hvar Paganini hélt sig þessi fjögur ár og því spruttu upp ýmsar sögusagnir meðal almennings. Paganini var m.a. sagður hafa setið í fangelsi fyrir morð og að hafa selt djöflinum sál sína. Sögusagnirnar höfðu djúpstæð áhrif á orðspor Paganinis og fylgdu honum sem skugginn alla tíð.<sup>7</sup>

Árið 1805 kom Paganini fyrst fram aftur eftir að hafa dregið sig í hlé. Þrátt fyrir að hafa verið fjarri sviðsljósinu í talsverðan tíma og fengið á sig slæmt orð myndaðist mikil spenna vegna endurkomu fiðlusnillingins fræga. Fólki kepptist við að fá að líta Paganini augum og hlýða á fiðluleik hans og var honum fagnað sem aldrei fyrr.<sup>8</sup> Það er því hægt að ímynda sér að hin óljósa dulúð sem markaði orðspor Paganinis hafi jafnvel aukið vinsældir hans. Neikvætt umtal vakti athygli á snillingnum og því hefur fólk verið einstaklega forvitið um að berja fiðluleikarann augum þegar hann loks steig aftur fram á sjónarsviðið.

### ***Heilsufar – Marfans-heilkenni***

Þegar Paganini fór að eldast tók heilsan að versna. Paganini var bæði greindur með sárasótt og berkla og gerðu sjúkdómarnir honum erfitt fyrir síðustu árin. Auk þess átti Paganini örðugt um mál. Málheltið var Paganini hvimleitt, sérstaklega þegar hann lá banaleguna í Nice. Vegna þess hversu erfitt hann átti um mál gat hann ekki uppfyllt kröfur kirkjunnar um að játa syndir sínar. Hann lést 15. maí 1840 án þess að fá fyrirgefningu synna sinna.<sup>9</sup> Biskupinn í Nice fordæmdi þögn tónskáldsins og var lík Paganinis því ekki grafið í vígða jörð fyrr en 36 árum eftir dauða hans.<sup>10</sup>

Nú telja læknar að Paganini hafi líklegast alla sína tíð glímt við hið svokallaða Marfans-heilkenni af útliti hans að dæma. Sjúklingar sem haldnir eru Marfans-heilkenni hafa mjög einkennandi útlit. Það lýsir sér í löngum og grönnum líkama, einkennilega löngum og mjóum handleggjum og fingrum auk þess sem Marfans-sjúklingar hafa óvenju sveigjanleg liðamót.<sup>11</sup> Paganini virðist hafa haft öll

---

<sup>7</sup> Henry Joachim, „Three Milestones in the History of Violin Playing“, bls. 1080-1801.

<sup>8</sup> Henry Joachim, „Three Milestones in the History of Violin Playing“, bls. 1081.

<sup>9</sup> D. Felisati og G. Sperati, „Nicoló Paganini (1782-1840)“, í *Acta Otorhinolaryngol Italica*, vol. 25, no. 2, apríl 2005, bls. 125, sótt 26. september 2012, <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/pmc2639882/>, Google Scholar.

<sup>10</sup> Edward Neill, „Paganini, Nicoló“.

<sup>11</sup> D. Felisati og G. Sperati, „Nicoló Paganini (1782-1840)“, bls. 127.



Þessi einkenni. Enn þann dag í dag deila fræðimenn um það hvort þessi sjúkdómur hafi stuðlað að yfirburða færni Paganinis. Til að mynda segja Sperati og Felisati: „Það leikur enginn vafi á því að óvenjuleg bygging liðbanda og liðamóta handarinnar hafi frekar verið kostur heldur en að hafa hamlað hljóðfæraleik snillingsins Paganinis.“<sup>12</sup> Henry Roth segir hinsvegar: „Það er ekki rökrétt að halda því fram að líkamlegur veikleiki eða líkamlegir yfirburðir hafi stuðlað að tæknilegum afrekum hans. Skynsamlegast er að álykta að hann hafi náð yfirburða árangri þrátt fyrir líkamlega fötlun sína.“<sup>13</sup>

Ómögulegt er að vera viss um hvort Marfans-heilkennið hafi hjálpað Paganini að öðlast þá færni sem hann náði í fiðluleik. Langir fingur geta án efa komið sér vel þegar ýmis tækniatriði eru æfð á fiðlu og aukinn sveigjanleiki fingranna skemmir sennilega heldur ekki fyrir.

Margir fiðluleikarar með eðlilega fingur hafa spilað verk Paganinis og náð fullkomnum tókum á þeim erfiðu tækniatriðum sem þar koma fram. Það er því erfitt að halda því fram að Paganini eigi feril sinn að þakka Marfans-heilkenninu. Trúlegra er að útsjónarsemi hans auk þeirrar vinnu sem Paganini lagði í fiðluæfingar hafi skilað honum þeirri færni sem hann tileinkaði sér. Æfingin skapi sem sagt meistarann.

## Tækni

Paganini var á sínum tíma fyrst og fremst lofaður fyrir tæknikunnáttu sína. Karl Guhr heldur því fram að á sínum tíma hafi Paganini tekist að búa til nýtt hljóðfæri úr



Nicoló Paganini

---


<sup>12</sup> Mín þýðing á: „There can be no doubt that the abnormal anatomy of the ligaments and articulation of the hand had been a very definite advantage and certainly not restraint for the instrumental skills of the virtuoso Paganini.“ D. Felisati og G. Sperati, „Nicoló Paganini (1782-1840)“, bls. 127.

<sup>13</sup> Mín þýðing á: „It is not logical to believe that either these debilitations or any supposed physical advantages contributed to his technical accomplishments. Rather, it is more logical to assume that Paganini achieved supremacy despite his physical handicaps.“ Henry Roth, *Violin Virtuosos*, bls. 16.

fiðlunni og þannig hljómaði fiðluleikur hans eins og algjörlega nýr í eyrum fólks. Guhr lýsir muninum á Paganini og öðrum fiðluleikurum í nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi stillti Paganini fiðluna sína oft á annan hátt en flestir aðrir. Hann stillti strengi fiðlunnar að minnsta kosti hálfþóni hærra en tíðkaðist á hans tíma en þannig fékk hann fiðluna til að hljóma óvenju skært og glimrandi. Þetta gerði það að verkum að verk sem var til að mynda skrifað í G-dúr hljómaði í meðförum Paganinis í As-dúr.<sup>14</sup> Ætla má að Paganini hafi því verið óánægður með þá tónhæð sem evrópskar sinfóníuhljómsveitir stilltu eftir á hans tíma en þá var miðað við einstrikað A sem 435 rið<sup>15</sup> (í dag miða flestar sinfóníuhljómsveitir við 440 rið<sup>16</sup>). Þetta athæfi Paganinis var þó ekki alveg nýtt af nálinni. Mozart hafði notað sömu brellu í verki sínu Sinfonia Concertante í Es-dúr fyrir fiðlu og lágfiðlu. Það verk er skrifað í D-dúr en hljómar hinsvegar í Es-dúr.<sup>17</sup>

### ***Bogahöndin***

Annað sem Guhr nefnir sem nýlundu hjá Paganini var hvernig hann meðhöndlaði bogann. Teikningar af Paganini sýna hvernig hann hélt á fiðlunni með báða upphandleggi upp að síðum, með snigilinn á fiðlunni vísandi niður og annan fótinn aðeins fyrir framan hinn. Þannig segir Edward Neill að Paganini hafa náð góðu jafnvægi og slökun í líkamanum.<sup>18</sup> Þar sem Paganini spilaði með lágan hægri olnboga leiddi það af sér vel beygðan hægri úlnlið. Hann er einnig sagður hafa spennt bogann það mikið að bogastöngin varð beinni en hjá flestum öðrum fiðluleikurum. Þannig náði Paganini að framkvæma ýmis erfið bogastrok sem sjaldan höfðu verið reynd áður. Aðal bogastrokin sem Guhr tekur fram



Spilastaða Paganinis

<sup>14</sup> Sheila M. Nelson, *The Violin and Viola: History, Structure, Techniques*, 2. útgáfa, Dover Publications Inc., Mineola, 2003, bls. 142.

<sup>15</sup> Edward Neill, „Paganini, Niccoló“.

<sup>16</sup> „Pitch“, í *Encyclopædia Britannica*, Encyclopædia Britannica Inc., 2013, sótt 14. janúar 2013, <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/719057/pitch>.

<sup>17</sup> Sheila M. Nelson, *The Violin and Viola*, bls. 142.

<sup>18</sup> Edward Neill, „Paganini, Niccoló“.

sem einkennandi fyrir Paganini eru tilbrigði hans af hröðu staccato og ricochet-bogastroki. Mjög mismunandi er eftir heimildum hvort Paganini er sagður hafa fundið upp þessi tæknilegu bogastrok eða hvort hann hafi notfært sér áður uppgötvaða tækni. Sheila M. Nelson segir að þessi bogastrok hafi verið þekkt meðal 18.-aldar strengjaleikara en með óvenju strekkjum boga sínum og ógurlegum hraða tókst Paganini að gera bogastrokin óþekktanleg frá því sem áður hafði heyrst.<sup>19</sup> Paganini nýtti sér því áður uppgötvaða tækni til að færa hljóðfæraleik sinn upp á annað stig. Þannig varð fyrri tækni óþekktanleg.

### ***Fiðluhöndin***

Karl Guhr nefnir þrjá þætti tengda fiðluhöndinni sem voru einkennandi fyrir virtúósískan stíl Paganinis. Þeir þættir voru notkun hans á vinstrihandar pizzicato, flaututónum og tvígripum. Öll þessi atriði segir Guhr hafi verið þekkt áður en ný og þróaðri meðhöndlun Paganinis á þeim hafi gert þau óþekktanleg í eyrum áheyrenda á 19. öld.<sup>20</sup>

Notkun Paganinis á vinstrihandar pizzicato átti einn mestan þátt í að heilla áheyrendur hans upp úr skónum. Hann blandaði saman strokum og vinstrihandar pizzicato og framkallaði þannig laglínu með boganum á meðan undirleikurinn var plokkaður á sama tíma með fiðluhöndinni. Nelson segir að ætla megi að óvenjuleg aðferð Paganinis við að halda á fiðlunni hafi hjálpað honum að framkvæma þessar tæknibrellur. Hún segir Paganini hafa haldið á fiðlunni þannig að vinstri olnboginn hafi alltaf verið nálægt bolnum og vel fyrir framan líkamann sem er sambærilegt við það sem Edward Neill talar um. Þannig áætla hún að Paganini hafi náð góðum stöðugleika og tekist að fría vinstri höndina frá því að bera uppi fiðluna. Fiðluhöndin hafi því verið tiltölulega laus og liðug og vel í stakk búin fyrir allskonar fimleika.<sup>21</sup> Þetta er líklega rétt hjá Nelson því þar sem Paganini spilaði ekki með hökubretti<sup>22</sup> eins og nánast allir fiðluleikarar gera í dag hefur hann þurft að leita annarra leiða til að halda fiðlunni stöðugri og losa þannig um vinstri höndina. Í dag á hökubrettið mikinn þátt í því að auðvelda fiðluleikaranum að halda uppi fiðlunni og spila í uppréttri stöðu án þess að vinstri höndin þurfi að styðja við fiðluna.

---

<sup>19</sup> Sheila M. Nelson, *The Violin and Viola*, bls. 143.

<sup>20</sup> Sheila M. Nelson, *The Violin and Viola*, bls. 143.

<sup>21</sup> Sheila M. Nelson, *The Violin and Viola*, bls. 143.

<sup>22</sup> Sheila M. Nelson, *The Violin and Viola*, bls. 143.

Meðhöndlun Paganinis á flaututónum var alveg ný af nálinni og vakti mikla hrifningu áheyrenda. Paganini myndaði bæði náttúrulega og tilbúna flaututóna og notaði þá á virtúósískan hátt, t.a.m. í krómatisískum runum, einföldum og tvöföldum trillum og tvígrípum. Einnig notaði hann flaututóna til að víkka tónsvið strengjanna en Paganini spilaði gjarnan heilu kaflana aðeins á einum streng. Oftast varð dýpsti strengurinn eða G-strengurinn fyrir valinu. Paganini nýtti sér því strengi fiðlunnar til fulls og notaði þá alla til að ná fram ótal mismunandi blæbrigðum.<sup>23</sup>

### Spilastíll

Þau tækniatriði sem talin voru upp hér að framan voru mest einkennandi í spilastíll Paganinis. Þrátt fyrir að hann hafi aðallega verið þekktur fyrir virtúósísk tilprif sín var Paganini samkvæmt fræðimönnum einnig einstaklega tilfinningaríkur í túlkun. Þegar John Sugden talar um flutning á verkum Paganinis segir hann: „Fullkomin tæknileg færni er að sjálfsögðu nauðsynleg en túlkunin er mikilvægari.“<sup>24</sup> F. Bonavia segir að þeir sem heyrðu Paganini spila lofuðu allir fyrst og fremst „hreinleika ítónunar hans, sætan tóninn og hlýja hendingamótun, eiginleika sem mikilvægara þykir að alvarlegur tónlistarmaður búi yfir heldur en virtúósinn.“<sup>25</sup> Karl Guhr segir einnig Paganini hafa náð að „gefa fiðlunni guðdómlega öndun mannsraddarinnar og hreyft við dýpstu tilfinningum sálarinnar.“<sup>26</sup>

Af þessu að dæma bjó Paganini ekki einungis yfir einstakri tækni heldur einnig þeim hæfileika að ljá fiðluleik sínum ríka tilfinningalega dýpt.

### Aðdáun í Evrópu

Þegar Paganini var uppi á sitt besta hélt hann tónleika víðs vegar um Evrópu og sló í gegn hvert sem hann fór. Fólk flyktist á tónleika til að berja goðsögnina augum og hlýða á þennan mikla og margrómaða fiðlusnilling. Nelson fer svo langt að bera aðdáun Evrópubúa á Paganini saman við Bítlaæðið á sjöunda áratug 20. aldar. Hún

---

<sup>23</sup> Sheila M. Nelson, *The Violin and Viola*, bls. 144.

<sup>24</sup> Mín þýðing á: „Complete technical skill is essential, of course, but the manner of interpretation is the overriding factor.“ John Sugden, *The Illustrated Lives of the Great Composers: Paganini*, 2. útgáfa, Obnibus Press, London, 1986, bls. 157.

<sup>25</sup> Mín þýðing á: „the purity of his intonation, the sweetness of tone and the warmth of his phrasing, qualities even more valuable in the interpreter of serious music than in the mere virtuoso.“ F. Bonavia, „Paganini. Died May 27, 1840“, í *The Musical Times*, vol. 81, no. 1168, júní 1940, bls. 253, sótt 22. september 2012, <http://www.jstor.org/stable/924017>, JSTOR.

<sup>26</sup> Mín þýðing á: „gives the violin the divinest breathings of the human voice, and deeply moves the inmost feelings of the soul.“ John Sugden, *Paganini*, bls. 157.

segir muninn einungis felast í því að Paganini hafi náð til enn breiðari aldurshóps en Bítlarnir og vinsældir Paganinis hafi einnig staðið yfir talsvert lengur en Bítlaæðið. Paganini fyllti ekki bara tónleikasali í þeim borgum og bæjum sem hann heimsótti heldur urðu þar allar búðir undirlagðar af varningi tengdum fiðluleikaranum. Sem dæmi voru þar til sölu kökur, vasaklútar, bindisnælur og tóbaksdósir með mynd af fiðlu, fiðluboga eða sjálfum Paganini.<sup>27</sup>

Einstök tækni Paganinis átti stærstan þátt í vinsældum hans í Evrópu. Nelson segir að auk tækniþekkingar sinnar hljóti Paganini að hafa búið yfir sérstökum persónutöfrum sem hafi átt þátt í að vekja hrifningu áheyrenda. Hún segir að tæknin ein hafi ekki getað vakið jafn mikla aðdáun eins og raunin varð og hljóti Paganini því að hafa búið yfir sérstökum þokka sem fólk hafi heillast af. Athygli fólks beindist því ekki einungis að tónlistarhæfileikum Paganinis heldur einnig að persónu hans.<sup>28</sup> Sérkennilegt útlitið hefur sennilega líka verið hluti af aðdráttaraflinu sem dró fólk að fiðluleikaranum en einkennilega langur og grannur líkaminn, stór svört augun og sítt svart hárið vakti óskipta athygli fólks og forvitni.<sup>29</sup> Sögusagnir sem urðu til um Paganini þegar hann hvarf úr sviðsljósinu hafa einnig aukið á vinsældir hans og, eins og áður sagði, dregið ennþá meiri athygli að fiðluleikaranum. Þegar allt kemur til alls hefur Paganini verið afar áhugaverð, sérstök og hæfileikarík persóna sem fólk hefur átt auðvelt með að heillast af.

## Tónsmiðurinn Paganini

Henry Roth segir að besta leiðin til að átta sig betur á hæfileikum Paganinis sem fiðluleikara sé að rannsaka tónverk hans.<sup>30</sup> Roth heldur því fram að þar sé að finna kjarnann í eðli Paganinis sem fiðluleikara. Roth skiptir tónverkum Paganinis í þrjá flokka þar sem hann setur 24 kaprísur í einn flokk, konsertana sex í annan og tilbrigði í þann þriðja. Hann undanskilur ýmis önnur verk, m.a. öll gítarverkin og kammertónlistina, en Roth telur þau ekki vera meðal verka sem séu dæmigerð fyrir framlag Paganinis til þróunar fiðlutónlistar.<sup>31</sup>

---

<sup>27</sup> Sheila M. Nelson, *The Violin and Viola*, bls. 141.

<sup>28</sup> Sheila M. Nelson, *The Violin and Viola*, bls. 141.

<sup>29</sup> Henry Roth, *Violin Virtuosos*, bls. 13.

<sup>30</sup> Henry Roth, *Violin Virtuosos*, bls. 11.

<sup>31</sup> Henry Roth, *Violin Virtuosos*, bls. 13.

Tónverk Paganinis eiga það sameiginlegt að miðast við spilastíl höfundar. Aðeins fimm þeirra voru formlega gefin út á meðan Paganini lifði.<sup>32</sup> Þau voru 24 kaprísur op. 1, tvö sett af sex sönötum fyrir fiðlu og gítar op. 2 og 3 og tvö sett af þremur kvartettum fyrir fiðlu, víólu, selló og gítar op. 4 og 5.<sup>33</sup> Flest hinna verkanna, þ.á.m. verkin fyrir fiðlu og hljómsveit eins og konsertarnir og tilbrigðin, voru ekki gefin út fyrr en árið 1851, 11 árum eftir dauða Paganinis. Edward Neill segir ástæðuna m.a. vera þá að Paganini hafi ekki gert ráð fyrir að neinn gæti spilað þau nema hann sjálfur.<sup>34</sup> Af þessu má ráða að Paganini hafi samið öll sín verk einungis fyrir sjálfan sig í þeim tilgangi að sýna fólki snilld sína. Þannig endurspegli tónverk Paganinis vel fiðluleik hans.

Paganini lék sem sagt aðallega sín eigin verk opinberlega.<sup>35</sup> Hann útskýrir það sjálfur með þessum orðum:

Ég bý yfir sérstökum stíl og byggi upp verk mín í samræmi við það. Ef ég spila verk annarra tónskálda verð ég að færa þau í minn stíl. Miklu frekar skrifa ég mín eigin verk sem ég get byggt algjörlega á mínum eigin músíkölsku tilfinningum.<sup>36</sup>

Paganini hefur því aldrei viljað bregða frá spilastíl sínum. Hann hefur þá einungis leikið sín eigin verk þar sem spilastíll hans og hæfileikar fengu að njóta sín.

## 24 kaprísur

24 kaprísur voru gefnar út árið 1820.<sup>37</sup> Paganini samdi þær um tvítugt en var orðinn 38 ára þegar þær birtust á prenti.<sup>38</sup> Kaprísurnar 24 eru þekktustu verk Paganinis og þau verk eftir hann sem oftast eru spiluð. Þær eru frægar fyrir að vera einstaklega erfiðar en ekki síður fyrir að vera frábær tónlist.<sup>39</sup> Konsertar og tilbrigði Paganinis hafa stundum verið sögð innantóm verk sem einungis hafi verið samin til að sýna

---

<sup>32</sup> Edward Neill, „Paganini, Nicoló“.

<sup>33</sup> John Sugden, *Paganini*, bls. 28.

<sup>34</sup> Edward Neill, „Paganini, Nicoló“.

<sup>35</sup> Henry Roth, *Violin Virtuosos*, bls. 14.

<sup>36</sup> Mín þýðing á: „I have my own special style and in accordance with this I formulate my composition. To play works of other artists I must adapt them to my style. I would much rather write a piece myself in which I can trust my own musical feelings entirely.“ John Sugden, *Paganini*, bls. 152.

<sup>37</sup> John Sugden, *Paganini*, bls. 28.

<sup>38</sup> Henry Roth, *Violin Virtuosos*, bls. 13.

<sup>39</sup> Joan Backus, „24 Capricen, Opus 1 für Violine solo by Niccolò Paganini; Klaus Hertel; Studien Opus 3; Konzerttüden Opus 10 nach Capricen von Paganini für Klavier by Robert Schumann; Hans Joachim Köhler“, í *Notes*, vol. 48, no.1, september 1991, bls. 288, sótt 25. september 2012, <http://www.jstor.org/stable/941837>, JSTOR.

tæknilega yfirburði tónskáldsins. Kaprísurnar falla ekki í þann flokk. Þær búa hver yfir eigin formi, rytma, laglínu og stíl sem ljær þeim músíkalska dýpt. Fiðluleikarar, tónskáld og áheyrendur lofa kaprísur Paganinis fyrir frumleika, fjölbreytileika og hreina fegurð. Þrátt fyrir að í verkunum notist Paganini við allar þær tæknibrellur sem hann hafði yfir að ráða, t.a.m. hröð tvígríp, flaututóna, vinstrihandar pizzicato og ricochet-strok, er útkoman innihaldsrík og músíkölsk verk.<sup>40</sup> F. Bonavia gengur svo langt að segja að kaprísurnar séu músíkölskustu æfingar sem nokkurn tímann hafi verið samdar.<sup>41</sup>

Önnur tónskáld hafa átt stóran þátt í að vekja athygli á kaprísurum Paganinis. Brahms, Liszt, Schumann og Rachmaninov heilluðust allir af þessum verkum og sömdu sjálfir tónsmíðar byggðar á kaprísunum 24. Seinna sömdu einnig menn eins og Kreisler og Auer píanóundirleik við einstakar kaprísur. Wieniawski fékk ungur áhuga á þeim því þegar hann var aðeins tíu ára gamall lék hann nokkrar kaprísur fyrir kennarann sinn. Seinni tíma fiðlutónskáld tileinkuðu sér svo þá tækni sem Paganini beitir í kaprísunum og nýttu sér hana til að þróa eigin tónsmíðatækni í verkum sínum fyrir fiðlu. Kaprísur Paganinis voru því tímamótaverk sem gjörbreyttu sögu fiðlutónlistarinnar.<sup>42</sup>

### ***Áhrif Paganinis sem kennara***

Kaprísur Paganinis voru sem nýr háskóli í fiðluleik. Sjálfur kenndi Paganini ekki mikið um dagana. Talið er að einungis þrír nemendur hafi sótt tíma hjá honum. Þeir voru hinn móravíski Heinrich Wilhelm Ernst,<sup>43</sup> Norðmaðurinn Ole Bull<sup>44</sup> og Ítalinn Camillo Sivori.<sup>45</sup> Áhrif Paganinis sem kennara dreifðust þó mun víðar fyrir tilstilli kaprísanna.<sup>46</sup> Ætla má að vinsældir þeirra hafi kveikt áhuga fiðluleikara á verkinu. Við það að leika kaprísur Paganinis hafa fiðluleikarar þannig komist í kynni við og náð að tileinka sér stíl og tækni Paganinis.

Kaprísur Paganinis eru mikið leiknar enn þann dag í dag. Ótal fiðluleikarar hafa tekið þær upp á geisladiska auk þess sem þær eru einu fiðluæfingarnar sem fluttar eru

---

<sup>40</sup> John Sugden, *Paganini*, bls. 27-28.

<sup>41</sup> F. Bonavia, „Paganini. Died May 27, 1840“, bls. 253.

<sup>42</sup> Henry Roth, *Violin Virtuosos*, bls. 13.

<sup>43</sup> Robin Stowell, *The Cambridge Companion to the Violin*, bls. 73.

<sup>44</sup> „Ole Bull“, í *Encyclopædia Britannica*, Encyclopædia Britannica Inc., 2012, sótt 28. nóvember 2012, <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/84326/Ole-Bull>.

<sup>45</sup> Robin Stowell, *The Cambridge Companion to the Violin*, bls. 66.

<sup>46</sup> Henry Roth, *Violin Virtuosos*, bls. 17.



opinberlega að staðaldri. Þar að auki er þeirra oft krafist á inntökuprófum og í stórum fiðlukeppnum. Langt komnir fiðlunemendur komast því aldrei hjá því að læra að minnsta kosti eina kaprísu eftir Paganini.<sup>47</sup>

### **Konsertar**

Konsertar Paganinis eru mjög tæknilega erfið verk, jafnvel erfiðari en kapríurnar 24. Þar sem konsertformið er mjög staðlað klassískt form þykja konsertar Paganinis ekki eins frumlegir og innihaldsríkir og kapríurnar og eru þar af leiðandi ekki jafn vinsælir. D-dúr konsert Paganinis er eini konsert hans sem spilaður er að staðaldri.<sup>48</sup>

Sú skoðun er lífseig að flestir konsertar Paganinis séu innantóm tækniverk sem hafi lítið sem ekkert tónlistarlegt gildi. Fræðimenn greinir þó á um þetta. F. Bonavia segir til að mynda að fyrsti konsertinn sé tæknilega krefjandi en músíkalskt „mjög léttvægur.“<sup>49</sup> Roth segir hinsvegar gagnrýnendur konsertanna vera sennilega „fiðluleikara sem mögulega hafi átt erfitt með áskoranir Paganinis og séu því hugsanlega öfundsjúkir út í þá sem auðveldara eigi með þær.“<sup>50</sup>

### ***Paganini og óperustíllinn***

Þrátt fyrir litlar vinsældir segir Henry Roth konserta Paganinis ná að yfirstíga konserta forvera hans, t.d. konserta Kreutzers, Rodes, Tartinis og Viottis, ekki bara hvað varðar tækni heldur einnig dramatískt innihald. Hann segir greinileg líkindi vera með konsertum Paganinis, þá aðallega með hægu þáttunum, og óperum tónskálda á borð við Rossini, Bellini og Donizetti. Paganini hefur því nýtt sér vinsælasta stíl síns tíma við gerð konserta sinna, óperustíllinn.<sup>51</sup>

Gioachino Rossini (1792-1868<sup>52</sup>) var það ítalska óperutónskáld sem hafði hvað mest áhrif á Paganini.<sup>53</sup> Leiðir tónskáldanna lágu saman oft en einu sinni um ævina og urðu þeir góðir vinir.<sup>54</sup> Paganini var mjög hrifinn af óperustílnum og byggði flestar laglínur sínar á honum. Einnig má oft rekja dramatíska spennu og kímni gáfa í verkum

---

<sup>47</sup> Henry Roth, *Violin Virtuosos*, bls. 18.

<sup>48</sup> Henry Roth, *Violin Virtuosos*, bls. 14.

<sup>49</sup> Mín þýðing á: „entirely negligible.“ F. Bonavia, „Paganini Died May 27, 1840“, bls. 253.

<sup>50</sup> Mín þýðing á: „violinists who may have been unable to handle Paganini’s challenges, and were possibly envious of those who could.“ Henry Roth, *Violin Virtuosos*, bls. 14.

<sup>51</sup> Henry Roth, *Violin Virtuosos*, bls. 14.

<sup>52</sup> „Gioachino Rossini“, í *Encyclopædia Britannica*, Encyclopædia Britannica Inc., 2012, sótt 5. desember 2012, <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/510222/Gioachino-Rossini>.

<sup>53</sup> John Sugden, *Paganini*, bls. 157.

<sup>54</sup> John Sugden, *Paganini*, bls. 66.



Paganinis til óperustílsins sem og tilfinningaríka dýpt og rík blæbrigði í fiðluleik hans.<sup>55</sup>

### **Tilbrigði**

Tilbrigði Paganinis eru byggð á verkum annarra tónskálda og eru tæknilega mjög erfið. Þetta er sá flokkur verka Paganinis sem hefur minnst músíkalskt vægi en krefst erfiðustu tækninnar. Tilbrigðin eru því nánast einungis hugsuð sem tæki fyrir fiðluleikarann til að sýna fingrafimi sína. Dæmi um verk sem Paganini gerði tilbrigði við eru I Palpiti og Moses eftir Rossini, Nel cor più non mi sento eftir Paisello, Maestoso Sonata Sentimentale eftir Haydn og breski þjóðsöngurinn, God Save the King. Tilbrigði Paganinis voru mjög vinsæl á tíma tónskáldsins og vekja enn þann dag í dag mikla lukku á meðal áheyrenda. Þótt Paganini hafi ekki orðið fyrstur til að semja skrautleg tilbrigði við lög annarra tónskálda þá urðu vinsældir þeirra til þess að hvetja önnur tónskáld til dáða og takast á við samskonar tónsmíðar, þ.á.m. Pablo Sarasate.<sup>56</sup>

## **Brautryðjandinn Paganini**

### **Tónlist fyrir tíma Paganinis**

Fyrir tíma Paganinis breyttist tónlist smátt og smátt úr því að vera hlutlæg í það að vera huglæg. Þessi breyting leiddi til þess að tónlistin varð veraldlegri og vinsælli meðal almennings. Í stað þess að vera eingöngu aðgengileg aðlinum varð almenn frelsis- og lýðræðisbylgja í Evrópu og stofnun tónlistarskóla í París og London til þess að tónlistin færdist nær almenningi. Henry Joachim segir í grein sinni að Georg Friedrich Händel (1685-1759<sup>57</sup>) hafi fyrst allra tónskálda samið verk, þá sérstaklega óratoríur, sem ekki voru einungis hugsaðar fyrir takmarkaðan hóp aðalsmanna heldur fyrir alla þá sem á vildu hlýða. Þessar forsendur gerðu það að verkum að almenningur hafði allt í einu miklu meiri áhrif á hverskonar tónlist var samin. Upp frá því fór tónlist fljótlega að skiptast í tvo flokka: í alvarlega tónlist og virtúósíska tónlist.<sup>58</sup>

---

<sup>55</sup> John Sugden, *Paganini*, bls. 157.

<sup>56</sup> Henry Roth, *Violin Virtuosos*, bls. 14.

<sup>57</sup> „George Frideric Handel“, í *Encyclopædia Britannica*, Encyclopædia Britannica Inc., 2012, sótt 29. nóvember 2012, <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/254169/George-Frideric-Handel>.

<sup>58</sup> Henry Joachim, „Three Milestones in the History of Violin Playing“, bls. 1079.

Henry Joachim segir að aðal áhrifavaldar í fiðlutónlist á Ítalíu fyrir tíma Paganinis hafi verið Ítalarnir Arcangelo Corelli (1653-1713)<sup>59</sup> og Giuseppe Tartini (1692-1770)<sup>60</sup>. Eftir að Tartini lést stóð þróun fiðlutónlistar á Ítalíu í stað. Helsta breytingin varð sú að áherslan á laglínu varð alltaf meiri og meiri. Það leiddi af sér dvínandi vinsældir hljóðfæratónlistar en í stað þess óx óperutónlistinni fiskur um hrygg. Áframhaldandi þróun laglínunnar leiddi af sér svokallaðan coloratura-söng en það er mjög skreyttur söngur sem oft er hraður og tæknilega erfiður. Þannig leit virtúósíska tónlistin dagsins ljós á Ítalíu.<sup>61</sup>

Fiðlutónskáld þessa tíma náðu ekki að þróa fiðlutónlistina í samræmi við sönginn. Hún stóð einfaldlega í stað þar sem Tartini hafði skilið við hana árið 1770. Paganini kom því sem stormsveipur fram á sjónarsviðið með alla sína háþrúðu tækni.<sup>62</sup>

### **Tónlist eftir tíma Paganinis**

Paganini hafði ekki bara áhrif á það hvernig fiðlutónlistin þróaðist yfir í virtúósíska tónlist. Hann heillaði upp úr skónum mörg mikilsmetin tónskáld eins og Liszt, Schumann, Chopin, Brahms og Rachmaninov. Með áhuga þessara stóru tónskálda smituðust virtúósísk áhrif Paganinis yfir á alla tónlist, þá sérstaklega píanótónlist. Paganini hafði því ekki einungis áhrif á þróun fiðlutónlistar á 19. öldinni heldur einnig á þorra almennrar tónlistar sem samin var á 19. öld.<sup>63</sup>

### **Áhrif á Liszt**

Paganini hafði sennilega mest áhrif á tónskáldið og píanóleikarann Franz Liszt. Renée de Saussine gengur meira að segja svo langt í ævisögu sinni um Paganini að halda því fram að án Paganinis hefði ekki orðið til neinn Liszt.<sup>64</sup> Hann færir rök fyrir því með því að benda á bréf sem Liszt skrifaði til vinar síns. Þar lýsir tónskáldið því þegar hann fær trú á sjálfum sér sem tónlistarmanni eftir að hafa sótt tónleika með Paganini:

---

<sup>59</sup> „Arcangelo Corelli“, í *Encyclopædia Britannica*, Encyclopædia Britannica Inc., 2012, sótt 29. nóvember 2012, <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/137483/Arcangelo-Corelli>.

<sup>60</sup> „Giuseppe Tartini“, í *Encyclopædia Britannica*, Encyclopædia Britannica Inc., 2012, sótt 29. nóvember 2012, <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/583783/Giuseppe-Tartini>.

<sup>61</sup> Henry Joachim, „Three Milestones in the History of Violin Playing“, bls. 1079.

<sup>62</sup> Henry Joachim, „Three Milestones in the History of Violin Playing“, bls. 1079-1080.

<sup>63</sup> Roger Parker, „Paganini, Nicoló“, í *The Oxford Companion to Music*, Oxford Music Online, 2007-2012, sótt 26. september 2012, <http://www.oxfordmusiconline.com/subscriber/article/opr/t114/e4943>.

<sup>64</sup> Renée de Saussine, *Paganini*, Marjorie Laurie þýddi, Hutchinson, London, 1957, bls. 11.

‘Ég er líka málari,’ hrópaði Michelangelo, þegar hann varð fyrst vitni að meistarastykki. Þótt ég sé auðmjúkur og lítilsmegn þá held ég áfram að endurtaka orð Michelangelos með sjálfum mér frá því ég heyrði Paganini spila. René, hvílíkur maður! Hvílík fiðla! Hvílíkur listamaður! Hvílík þjáning, hvílík angist, hvílík kvöl er fólgin í þessum fjórum strengjum!<sup>65</sup>

Skelton verður tíðrætt um hæfileika Liszts og segir þá koma sérstaklega vel fram í verkum sem byggja á kaprísum Paganinis.<sup>66</sup> Liszt vann í allt úr fimm kaprísum hans.<sup>67</sup> Skelton segir þessi verk Liszts vera gjörólík öðrum tónsmíðum hans og kallar þessa hlið tónskáldsins Paganini-Liszt. Hann segir að Liszt hafi ekki verið venjulegt píanótónskáld sem reyndi að yfirfæra fiðluverk Paganinis yfir á píanóið heldur hafi hann á undraverðan hátt náð að setja sig í spor og hugarheim Paganinis og flutt hugmyndir hans og listfengi yfir á píanóið. Skelton segir að ef umritanir Liszts á kaprísum Paganinis séu bornar saman við samskonar verk eftir önnur tónskáld fari ekki á milli mála hvaða tónskáld hafi raunverulega skilið Paganini.<sup>68</sup>

Paganini var því einn mesti áhrifavaldur tónskálda 19. aldarinnar.<sup>69</sup> Tónskáld sem tileinkuðu sér stíl Paganinis hafa breitt út boðskap hans með verkum sínum og hjálpað þannig til við að koma á framfæri og viðhalda þeirri mögnuðu tækniþróun sem á uppruna sinn að rekja til Paganinis.

---

<sup>65</sup> Mín þýðing á: „I, too, am a painter,” cried Michelangelo, when he first beheld a masterpiece. Humble and poor though I am, since I heard Paganini play I keep repeating Michelangelo’s words to myself. René, what a man! What a violin! What an artist! What suffering, what anguish, what torture those four strings can express!“ René de Saussine, *Paganini*, bls. 124.

<sup>66</sup> G. D. Skelton, „Opinions on Liszt“, í *The Musical Times*, vol. 77, no. 1122, ágúst 1936, bls. 694, sótt 28. október 2012, <http://www.jstor.org/stable/920421>, JSTOR.

<sup>67</sup> „Franz Liszt“, í *Encyclopædia Britannica*, Encyclopædia Britannica Inc., 2012, sótt 3. desember 2012, <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/343394/Franz-Liszt>.

<sup>68</sup> G. D. Skelton, „Opinions on Liszt“, bls. 694.

<sup>69</sup> Roger Parker, „Paganini, Nicoló“.

## Lokaorð

Paganini var ekki aðeins tónskáld sem samdi erfið verk fyrir fiðlu. Hann var einn mesti áhrifavaldur virtúósískrar tónlistar á 19. öldinni. Með þrotlausum æfingum náði Paganini að þróa fiðlutækni sína og tókst þannig að breyta fiðlutónlistinni svo um munaði. Hann kom sem ferskur andblær inn í tónlistarheiminn og sló í gegn bæði meðal almennings og meðal annarra tónskálda og átti þannig stóran þátt í þróun virtúósískrar tónlistar á sinni tíð. Umdeilt er hvort Paganini hafi verið frumkvöðull á sínu sviði eða hvort hann hafi nýtt sér tækni sem aðrir fiðluleikarar höfðu fundið upp áður. Sennilega hafði sú tækni sem hélt nafni hans einna mest á lofti þegar verið uppgötvað en með hæfileikum sínum og útsjónarsemi þróaði Paganini hana á áður óþekkt stig.

Tónsmíðar Paganinis eru ekki einungis tæki til að reyna á þolrif okkar fiðluleikaranna heldur gegndu þær lykilhlutverki í að koma fiðlutækni og virtúósískri nálgun Paganinis áfram til nýrra kynslóða. Þar sem Paganini samdi verk sín aðallega fyrir sjálfan sig sem flytjanda samdi hann þau öll í eigin spilastíl. Verkin innihalda því allar þær tækninýjungar sem Paganini kom fram með. Vegna mikilla vinsælda hans í Evrópu voru aðrir fiðluleikarar ekki lengi að verða sér úti um verk hans og tileinka sér hina nýju tækni. Paganini hafði því í lifanda lífi áhrif á aðra fiðluleikara og spilastíl þeirra. Samtímatónskáld Paganinis sem og tónskáld sem á eftir komu tileinkuðu sér strax tækninýjungar hans og innleiddu þær í sín eigin verk. Þannig stuðluðu þau að enn frekari útbreiðslu afreka Paganinis og áframhaldandi þróun tækninnar. Þar sem ný virtúósísk hugsun hans hafði einnig áhrif á aðra hljóðfæraleikara í Evrópu er óhætt að segja að Paganini hafi ekki einungis sett mark sitt á þróun fiðlutónlistar á 19. öld heldur hafi hann valdið þáttaskilum í þróun hljóðfæratónlistar í Evrópu.

## Heimildaskrá

### Bóklegar heimildir

Nelson, Sheila M., *The Violin and Viola: History, Structure, Techniques*, 2. útgáfa, Dover Publications Inc., Mineola, 2003.

Roth, Henry, *Violin Virtuosos: From Paganini to the 21st Century*, California Classics Books, Los Angeles, 1997.

Saussine, Renée de, *Paganini*, Marjorie Laurie þýddi, Hutchinson, London, 1957.

Stowell, Robin, *The Cambridge Companion to the Violin*, 11. útgáfa, Cambridge University Press, Cambridge, 2006.

Sugden, John, *Paganini*, 2. útgáfa, The Illustrated Lives of the Great Composers, Obnibus Press, London, 1986.

### Rafrænar heimildir

„Arcangelo Corelli“, í *Encyclopædia Britannica*, Encyclopædia Britannica Inc., 2012, sótt 29. nóvember 2012,  
<http://www.britannica.com/EBchecked/topic/137483/Arcangelo-Corelli>.

Backus, Joan, „24 Capricen, Opus 1 für Violine solo by Niccolò Paganini; Klaus Hertel; Studien Opus 3; Konzerttüden Opus 10 nach Capricen von Paganini für Klavier by Robert Schumann; Hans Joachim Köhler“, í *Notes*, vol. 48, no.1, september 1991, bls. 287-289, sótt 25. september 2012,  
<http://www.jstor.org/stable/941837>, JSTOR.

Bonavia, F., „Paganini. Died May 27, 1840“, í *The Musical Times*, vol. 81, no. 1168, júní 1940, bls. 252-254, sótt 22. september 2012,  
<http://www.jstor.org/stable/924017>, JSTOR.

Felisati, D og G. Sperati, „Nicolò Paganini (1782-1840)“, í *Acta Otorhinolaryngol Italica*, vol. 25, no. 2, apríl 2005, bls. 125-128, sótt 26. september 2012,  
<http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/pmc2639882/>, Google Scholar.

„Franz Liszt“, í *Encyclopædia Britannica*, Encyclopædia Britannica Inc., 2012, sótt 3. desember 2012, <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/343394/Franz-Liszt>.

„George Frideric Handel“, í *Encyclopædia Britannica*, Encyclopædia Britannica Inc., 2012, sótt 29. nóvember 2012,  
<http://www.britannica.com/EBchecked/topic/254169/George-Frideric-Handel>.

„Gioachino Rossini“, í *Encyclopædia Britannica*, Encyclopædia Britannica Inc., 2012, sótt 5. desember 2012,  
<http://www.britannica.com/EBchecked/topic/510222/Gioachino-Rossini>.

„Giuseppe Tartini“, í *Encyclopædia Britannica*, Encyclopædia Britannica Inc., 2012, sótt 29. nóvember 2012,  
<http://www.britannica.com/EBchecked/topic/583783/Giuseppe-Tartini>.

Joachim, Henry, „Three Milestones in the History of Violin Playing“, í *The Musical Times*, vol. 73, no. 1078, 1. desember 1932, bls. 1079-1082, sótt 22. september 2012, <http://www.jstor.org/stable/919427>, JSTOR.

Neill, Edward, „Paganini, Nicoló“, í *Grove Music Online*, Oxford Music Online, 2007-2012, sótt 26. september 2012,  
<http://www.oxfordmusiconline.com/subscriber/article/grove/music/40008>.

„Ole Bull“, í *Encyclopædia Britannica*, Encyclopædia Britannica Inc., 2012, sótt 28. nóvember 2012, <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/84326/Ole-Bull>.

Parker, Roger, „Paganini, Nicoló“, í *The Oxford Companion to Music*, Oxford Music Online, 2007-2012, sótt 26. september 2012,  
<http://www.oxfordmusiconline.com/subscriber/article/opr/t114/e4943>.

„Pitch“, í *Encyclopædia Britannica*, Encyclopædia Britannica Inc., 2013, sótt 14. janúar 2013, <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/719057/pitch>.

Skelton, G. D., „Opinions on Liszt“, í *The Musical Times*, vol. 77, no. 1122, ágúst 1936, bls. 692-694, sótt 28. október 2012, <http://www.jstor.org/stable/920421>.  
JSTOR.

## **Myndir**

Mynd fengin úr *Animation Resources*, AnimationResources.org, 2012, sótt 7. desember 2012, <http://animationresources.org/?p=1771>.

Mynd fengin úr Sugden, John, *Paganini*, 2. útgáfa, The Illustrated Lives of the Great Composers, Obnibus Press, London, 1986.